Eftirlit með lífeyrissjóðum

Sjóðsfélagafundur Gildis


26. október 2009

Sigurður Þórðarson

Efni til umfjöllunar

- Lög og reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóðanna
- Ábyrgð og skyldur stjórnenda lífeyrissjóða
- Hlutverk eftirlitsaðila lífeyrissjóða
- Opinbert eftirlit

Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða



Lög og reglur sem gilda um lífeyrissjóði

- Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997
- Reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 391/1998
- Reglugerð um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd nr. 698/1998
- Reglur um form og efni fjárfestingastefnu og úttektar á ávöxtun nr. 966/2001
- Reglur um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða nr. 687/2001
- Reglur um endurskoðun lífeyrissjóða nr. 685/2001
- Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000

Ýmis lög sem snerta starfsemi lífeyrissjóða

- Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 með síðari breytingum (lög nr. 55/2007)
- Lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999
- Lög um ábyrgðasjóð launa nr. 88/2003 og reglugerð um ábyrgðasjóð launa nr. 462/2003
- Lög um bókhald nr. 145/1994
- Lög um endurskoðendur nr. 79/2008
- Lög um ársreikninga nr. 3/2006 (IX. kafli A Endurskoðunarnefndir)
- Lög um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007
- Lög um aðgerðir gegn peningaþvætti nr. 64/2006

Samþykktir, starfs- og verklagsreglur Gildis

- Samþykktir fyrir Gildi-lífeyrissjóð frá 1. júlí 2009.
  - Hlutverk stjórnar
  - Aðilar að sjóðnum
  - Stjórn og ársfundur
  - Iðgjöld/endurgreiðslur
  - Réttindi sjóðsfélaga um lífeyri

Starfsreglur stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs

Verkefni stjórnar:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.
- Stjórn skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Í þessu sambandi skal stjórnin kveða á um skipulag sjóðsins, hvernig innra eftirliti skuli háttað svo og bókhaldi og reikningsskilum.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, gengur frá starfslýsingu hans, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við hann þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Stjórn getur falið formanni og varaformanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra um laun og önnur starfskjör.
- Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Eins getur framkvæmdastjóri afgreitt slík mál ef ekki er unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í þeim tilvikum skal framkvæmdastjóri tafarlaust tilkynna formanni og varaformanni stjórnar um afgreiðslu málsins og öðrum stjórnarmönnum eftir föngum. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa greinilega verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins skulu vera undirritaðir af stjórnarformanni sjóðsins og framkvæmdastjóra.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu ávaxta fjármuni sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin hverju sinni með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnin skal sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.
- Stjórn sjóðsins skal setja reglur um lán til sjóðfélaga.

Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar

- Einu sinni á ári, eftir gerð ársreiknings, skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit yfir rekstrarkostnað liðins árs.
- Einu sinni á ári skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit yfir greidd iðgjöld. Einnig skal fylgja yfirlit yfir iðgjaldavanskil.
- Árlega skal gerð tryggingafræðileg úttekt á sjóðnum miðað við lok hvers árs.
- Mánaðarlega skal stjórn fá yfirlit yfir fjárfestingar. Á þriggja mánaða fresti skal fjárfestingarskýrsla lögð fyrir stjórn. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir ráðstöfun eigna sjóðsins, eignasamsetningu og ávöxtun.
- Einu sinni á ári skal stjórn fá yfirlit yfir vanskil skuldabréfa.
- Framkvæmdastjóri skal leggja fyrir stjórn endurskoðað 6 mánaða uppgjör sjóðsins fyrir lok ágústmánaðar ár hvert.
- Stjórn skal hafa aðgang að öllum skýrslum sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins. Ávallt skal liggja fyrir listi yfir þessi gögn.

Innra eftirlit

Markmið innra eftirlits:

- Innra eftirlit sjóðsins felst í skipulagi og fyrirkomulagi starfseminnar sem miðar að því að:
  - tryggja skil á tekjum og iðgjöldum
  - tryggja örugga meðferð á kostnaðar- og viðskiptaskjölum
  - tryggja örugga og markvissa bókhaldsskráningu
  - varðveisla eigna sjóðsins sé traust
  - koma í veg fyrir tjón vegna mistaka og misferlis

Skipulagning og framkvæmd innra eftirlits:

- Eftirlitsaðgerðir
  - Eftirlitsaðgerðir vegna iðngjalda
  - Eftirlitsaðgerðir vegna lífeyris
  - Eftirlitsaðgerðir vegna lánveitinga
  - Eftirlitsaðgerðir með hlutabréfakaupum
  - Eftirlitsaðgerðir með handbæru fé, rekstrarkostnaði og rekstrarfjármunum
  - Eftirlitsaðgerðir með kerfis- og tölvuumhverfi

Önnur fyrirmæli:

- Verklagsreglur um verðbréfaviðskipti
- Fjárfestingarheimildir starfsmanna
- Reglur Gildis um aðgerðir gegn peningaþvætti
- Fjárfestingarstefna 2008 og 2009

Áhersla og þróun endurskoðunar

- Fylgiskjalaendurskoðun
- Kerfisendurskoðun (system based audit)
- Áhættumiðuðendurskoðun (Risk based audit)
- Stjórnendaendurskoðun

Innri endurskoðun

REGLUR um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða nr. 687/2001

- Eftirlitsaðgerðir endurskoðunardeildar eða eftirlitsaðila skulu að lágmarki ná til eftirfarandi þátta:
  - Hvort lífeyrissjóðurinn fylgir þeim lögum, reglum og samþykktum, sem um hann gilda.
  - Hvort fyrir hendi séu á hverjum tíma skýrar og greinargóðar skriflegar starfsreglur þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna komi fram og hvort farið sé eftir þessum reglum.
  - Hvort í starfsreglum lífeyrissjóðsins felist viðunandi innra eftirlit. Sérstaklega skal kannað hvort í starfsreglum sé nægjanlega skilið á milli þeirra starfsmanna, sem meðhöndla fjármuni, og þeirra, sem starfa að bókhaldi.
  - Kannana á varðveislu og meðferð fjármuna lífeyrissjóðsins m.a. með reglulegum eignatalningum og athugunum á afstemmingu bókhaldsreikninga.
  - Kannana á skráningu iðgjalda og skráningu og útreikningi lífeyrisréttinda.
  - Kannana á fjárfestingastefnu, ávöxtun eigna og ráðstöfun fjármuna.
  - Kannana á áreiðanleika og gæðum þeirra skýrslna, sem stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs og opinberir aðilar byggja á.
  - Kannana á upplýsingakerfum lífeyrissjóðs, meðal annars með tilliti til rekstaröryggis og að slík kerfi tryggi að hverju sinni séu fyrir hendi fullnægjandi og heildstæðar innri fjárhags-, rekstrar- og eftirlitsupplýsingar og ytri upplýsingar sem hafa þýðingu við ákvarðanatöku.

Samningur um endurskoðun

- PwC annist innri endurskoðun hjá Gildi-lífeyrissjóði í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða nr. 687/2001.
- PwC skal reglulega fara yfir gildandi skipulag innra eftirlits hjá Gildi-lífeyrissjóði með tilliti til þess að fyrirkomulag þess og virkni stuðli að því að lífeyrissjóðurinn nái þeim markmiðum sem kveðið er á um í samþykktum hans og starfsreglum og hlíti lögum og reglum sem um hann gilda. Tillögur PwC um breytingar skulu lagðar fyrir stjórn lífeyrissjóðsins til samþykktar.

Endurskoðun lífeyrissjóða

- REGLUR um endurskoðun lífeyrissjóða nr. 685/2001. Reglur þessar eru skilgreining á meginatriðum góðrar endurskoðunarvenju hjá lífeyrissjóðum, sbr. 5. mgr. 42. gr. laga nr. 129/1997.
- Endurskoðun ársreiknings lífeyrissjóðs skal framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við ákvæði þessara reglna. Í þessu felst m.a. eftirfarandi:
  - Hvort upplýsingar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringum gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.
  - Hvort fjárfestingar, kröfur og aðrar eignir í efnahagsreikningi séu fyrir hendi, í eigu lífeyrissjóðs og séu færðar og metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig að veðsetning og aðrar kvaðir á eignum komi fram í ársreikningi.
  - Hvort skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi, eða utan efnahagsreiknings, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.
  - Hvort yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikningur og sjóðstreymi séu í samræmi við bókhald viðkomandi lífeyrissjóðs.
  - Hvort einstakir liðir í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikningi og sjóðstreymisyfirliti séu sundurliðaðir og flokkaðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram í ársreikningi.

Samningur um endurskoðun

- KPMG annast endurskoðun hjá Gildi-lífeyrissjóði og lætur í ljós álit á ársreikningi sjóðsins með áritun sinni á hann. Markmið endurskoðunarinnar er að komast að raun um hvort ársreikningur lífeyrissjóðsins gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins og efnahag og hvort hann sé í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Ábyrgð endurskoðenda byggist á lögum og felst í því áliti sem þeir gefa í ársreikningnum

Endurskoðunarnefnd Gildis-lífeyrissjóðs

- Markmið og stefna:
  - Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn Gildis-lífeyrissjóðs til að sinna tilteknum verkefnum á ábyrgðasviði stjórnarinnar. Endurskoðunarnefndin á að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila til að auka traust og öryggi á fjárhagslegum upplýsingum.
- Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er:
  - mat á eftirlitsumhverfi lífeyrissjóðsins og fyrirkomulagi áhættustýringar
  - greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda
  - tryggja fylgni við gildandi lög og reglur
  - Til þess að sinna þessu hlutverki á endurskoðunarnefnd að koma á fót beinum samskiptum á milli stjórnar lífeyrissjóðsins, yfirstjórnar og innri og ytri endurskoðenda. Auk þess hefur nefndin aðgang að þeim starfsmönnum sjóðsins sem veitt geta upplýsingar.
  - Ábyrgð stjórnenda og stjórnar lífeyrissjóðsins á rekstri og fjárfestingum sjóðsins er óbreytt og samkvæmt lögum.
- Skipulag:
  - Stjórnin skipar nefndarmenn og formann endurskoðunarnefndar (formann og varaformann stjórnar má þó ekki skipa í endurskoðunarnefndina). Nefndarmenn eru skipaðir eigi síðar en mánuði eftir aðalfund (ársfund) ár hvert.
  - Endurskoðunarnefndin skal skipuð þremur mönnum hið minnsta, þar af skal meirihluti nefndarmanna vera óháður stjórnendum og öðru starfsfólki.
  - Sérhver nefndarmaður skal hafa þekkingu á fjármálum og/eða laga- og starfsumhverfi lífeyrissjóða. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar og reikningsskila.

Frh. Endurskoðunarnefnd

- <u>Samskipti við innri endurskoðanda</u>
  - Endurskoðunarnefnd skal yfirfara störf innri endurskoðunar og skipulag, ásamt því að meta hæfni og fagleg úrræði.

- <u>Samskipti við ytri endurskoðanda</u>
  - yfirfara hina árlegu endurskoðunaráætlun og meta umfang hennar með hliðsjón af aðstæðum félagsins
  - eiga viðræður um verulegar athugasemdir endurskoðanda og tillögur til úrbóta, þar með talið val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum
  - afla staðfestingar á óhæði endurskoðanda og leggja mat á nýja starfsmenn sem ekki hafa áður tekið þátt í endurskoðun hjá félaginu

Opinbert eftirlit með lífeyrissjóðum

<u>Samkomulag fjármálaráðherra og Fjármálaeftirlitsins um verkaskiptingu vegna lífeyrismála (frá árinu 2001).</u>

- Hlutverk fjármálaráðherra:
  - Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga um lífeyrissjóði.
  - Fjármálaráðherra annast undirbúning lagabreytinga.
  - Fjármálaráðherra setur reglugerðir á grundvelli laga um lífeyrissjóði.
  - Fjármálaráðherra veitir lífeyrissjóðum starfsleyfi og staðfestir breytingar á samþykktum þeirra.
  - Fjármálaráðherra sker úr ágreiningi um það til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skulu greidd.
  - Fjármálaráðherra er heimilt að skipa lífeyrissjóði umsjónaraðila að fengnum tillögum fjármálaeftirlitsins, sbr. 46. gr.
  - Fjármálaráðherra staðfestir reglur um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað og breytingar á þeim.

- Hlutverk fjármálaeftirlitsins:
  - Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við gildandi ákvæði laga, reglugerða og settra reglna og staðfestar samþykktir lífeyrissjóða.
  - Fjármálaeftirlitið setur reglur á grundvelli laga um lífeyrissjóði.
  - Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi lífeyrissjóða, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998.
  - Fjármálaeftirlitið sker úr álitamálum sem varða túlkun á lögum, reglugerðum og settum reglum, gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.
  - Fjármálaeftirlitið viðurkennir tryggingafræðing lífeyrissjóðs og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila sé hann ekki löggiltur endurskoðandi.